



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Athugun á gróðurfari í hlíðum Traðarhyrnu Bolungarvík

Mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík

Unnið fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins

Arnín Óladóttir
vistfræðingur

Október 2000

NV nr. 4-00

Inngangur.

Dagana 14. – 15. október 1999 fór fram athugun á gróðurfari ofan bæjarins í Bolungarvík. Skoðað var svæðið sem mun raskast vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarnargarða, svæðið sem fer undir garðana hafa efnistökusvæðið og nánasta umhverfi: Tilgangurinn var að athuga hvort á svæðinu væru einhverjar þær plöntur eða gróðurhverfi sem ber að vernda í sjálfu sér eða sem búsvæði viðkvæmra tegunda. Skoðað var svæðið frá skíðasvæði og aðeins út fyrir mót Stigahlíðar og Hjallastrætis. Farið var upp undir 200 m hæð.

Almenn svæðislýsing.

Suðausturhlíð Traðarhyrnu er skriðurunnin neðan við klettabelti, hliðin er nokkuð brött (30 - 40°), en niður undir byggðinni dregur nokkuð úr hallanum.

Nokkuð er um nýlegar smáskriður sem liggja ofan á því sem fyrir var og myndast skjól á milli þeirra. Fjallshlíðin sveigir nokkuð, þannig að innri hluti hennar, (sjá svæðaskiptingu) snýr meira í suður og er þar með skýlli. Nokkuð er um læki og lindir undan skriðum um allt svæðið, þó mest á svæði 6, votlendi.

Gróðurfar er markað af langtímabúsetu í Bolungarvík og þeirri beit sem því fylgdi, grastegundir eru áberandi nema efst á skoðunarsvæðinu. Á flatara svæði neðst hafa verið tún eða slægjur, þar er einnig nokkur jarðvegsmyndun. Innan við byggðina, að skíðavegi, er fjölskrúðugt mýrlendi. Ofar er mikill munur á gróðri á skriðukollum og í lægðum á milli þeirra. Þar kemur til annars vegar skjól fyrir hafgolu og norðanátt á sumrin og snjóþekja sem hlífir á vetrum. Einnig breytist gróðurfar nokkuð á innsta hluta svæðisins þar sem hliðin snýr meira í suður.

Svæðinu er skipt gróðurfarslega í 6 reiti, sjá mynd 1. Listi yfir tegundir í mismunandi reitum er í töflu 1.

Reitur 1.

Aflögð tún og uppgróið rask að húsabaki.

Graslendi og túngarður efst á svæðinu skiptir gróðurhverfum að mestu. Friðun síðustu ára leiðir til þess að mikil sína hefur myndast og blómjurtir hafa aukist, þar á meðal slæðingur úr gördum. Nokkuð er um uppsprettur umhverfis skurð efst og nyrst á svæðinu. Umhverfis þær er lítill gróður, en þó nokkrar tegundir sem þurfa mikla og jafna vætu. Gróðurþekja að öðru leyti nálægt 100 %.

Þó er nýgræðan á röskuðu svæði að mestu leyti gisinn snarrótarpuntur. Ofan Stigahlíðar (mynd 1.) hefur verið plantað trjágróðri: Bergfuru, stafafuru, alaskavíði, sitkagreni og birki í mjög grasgefið land. Mikið af plöntunum hefur sjálfsagt gefist upp í samkeppninni við grasið en nálægt 1000 plöntur eru lifandi, um 40 cm háar að meðaltali.

Reitir 2 og 3.

Skriður og lægðir í hlið á utanverðu svæðinu.

Þessu svæði eru gefin tvö númer til þess að leggja áherslu á þann mismun sem er á gróðri á skriðukollum og í lægðum á milli skriða. Svæðið snýr í heild sinni í suðaustur. Á skriðukollum er gróðurþekja rofin, nálægt 60%, þursaskeggsmói, með ljónslappa og holtasóley. Í lægðum ber mest á finnungi þar sem mesta skjólið er, annars ilmrey, krækilyngi og holtagróðri.

Reitir 4 og 5.

Skriður og lægðir í hlið á innanverðu svæðinu.

Þessu svæði eru gefin tvö númer til að leggja áherslu á þann mun sem er á gróðri á skriðukollum og í lægðum þar sem skjóls nýtur. Reiturinn snýr í heild sinni nánast í hásuður.

Á skriðutoppum (5) eru þursaskegg, ljónslappi og holtasóley mest áberandi. Þekja nálægt 60%. Nokkuð er um að lúpínu hafi verið sáð í skriðurnar og er hún að byrja að breiðast út. Í lægðum á milli þeirra myndast lyngbollar, aðalbláberjalyng þar sem skjól er mest og kræki-/bláberjalyngmói með mosabreiðum á þurrustu stöðunum. Þar sem gróf urð myndar skriðurnar myndast eilítið meira skjól, þar myndast gjarnan gróðurhverfi af ilmrey með undaflum. Skjaldburknar fundust á tveimur stöðum efst í þessum reit.

Reitur 6.

Hallamýri.

Víðáttumest er starungsmýri og klóffifa, en þó verða opnir gulstararflóar á milli. Mikið er um engjarós, hófsóley, hrafnaklukku og fleiri blómfagar jurtir. Nokkrir lækir renna um svæðið.

Umfjöllun.

Þegar um er að ræða framkvæmd eins og þessa hverfur allur yfirborðsgróður og ekki möguleiki á verndun einhverra gróðurhverfa. Gróðurinn á framkvæmdasvæðinu getur varla talist náttúrulegt gróðurfar í þeim skilningi að hér sé um að ræða upprunalegan gróður á svæðinu. Búseta mannsins og langvarandi beitarálag hefur breytt ásýnd gróðursins þannig að grastegundir eru yfirgnæfandi í gróðursvipnum á kostnað tegunda sem líklega voru meira áberandi við landnám en þola illa beit s.s. lyng og blómjurtir.

Ekki er að finna á svæðinu neinar þær tegundir eða gróðurhverfi sem skylt er að friða eða sem teljast til sjaldgæfra tegunda. Mest eftirsjá er af votlendinu, enda sjaldgæft að sjá svona fjölbreytt votlendi nærri byggð. Margar tegundir undanfilla sáust á svæðinu og væri akkur í að sú fjölbreytni héldist. Þá hefur berjalyngið mikið gildi fyrir bæjarbúa og að sögn er mikið sótt í hlíðina til berja.

Við uppgræðslu er ýmiss að gæta, mælt er með því að yfirborðajarðvegur sé geymdur og honum dreift yfir að lokum til þess að nýta þann fræforda sem fyrir er á svæðinu. Þó verður að mæla með því að það sé ekki látið nægja heldur sé gróðri komið örugglega í garðana með aðfluttum tegundum eða fræjum. Fyrir því eru aðallega þrjár ástæður:

1. Uppgróið rask umhverfis húsin og neðst í hlíð grær fyrst og fremst upp með snarrótarpunti. Þessi tegund virðist hafa yfirburði varðandi útbreiðslumöguleika á þessum stað. Ef hann nær yfirhöndinni í görðunum er líklegt að hann dreifi sér eftir götuköntum niður í bæinn og geri íbúunum lífið leitt í viðleitni þeirra til garðræktunar.
2. Ef gróður nær ekki að þekja garðana nokkuð fljótt er hætt við því að fyllur eða smáskriður hlaupi úr þeim og rýri þar með gildi þeirra. Þetta hefur gerst í einhverjum mæli á Flateyri.
3. Grastegundir eru nú ríkjandi í gróðursvipnum. Ef grenndargróður er látinn ráða munu þær verða enn meira ríkjandi vegna útbreiðsluhæfni þeirra. Það skapar annars vegar einhæfni og hins vegar hafa grastegundir mjög grunnt rôtarkerfi og munu því ekki veita görðunum sömu vernd og djúprættari tegundir.

Þakkir.

Starfsfólk Náttúrustofu Vestfjarða Petrína Sigurðardóttir og Þróstur Þorsteinsson aðstoðuðu.

Tafla 1

Plöntutegundir sem fundust í mismunandi reitum.

Alþjóðlegt heiti	Íslenskt heiti	Svæði 1	Svæði 2 og 3	Svæði 4 og 5	Svæði 6
<i>Achillea millefolium</i>	Vallhumall		1		
<i>Achillea ptarmica</i>	Silfurhnappur	1			
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlingresi	1	1	1	1
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi		1	1	
<i>Alchemilla vulgaris</i>	Mariustakkur	1		1	1
<i>Alopecurus aqualis</i>	Vatnsliðagras	1			
<i>Alopecurus pratensis</i>	Háliðagras	1	1		
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ilmreyr	1	1	1	1
<i>Betula pubescence</i>	Ilmbjörk			1	
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	1			1
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt			1	
<i>Calamagrostis stricta</i>	Hálmgresi				1
<i>Caltha palustris</i>	Hófsóley	1			1
<i>Cardamine nymanii</i>	Hrafnaklukka				1
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör		1	1	
<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör			1	
<i>Carex lyngbyei</i>	Gulstör				1
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör		1		1
<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi	1	1	1	1
<i>Coeloglossum viride</i>	Barnarót		1		1
<i>Deschampsia caespitosa</i>	Snarrótarpunktur		1		1
<i>Deschampsia flexuosa</i>	Bugðupunktur		1	1	
<i>Diphazium alpinum</i>	Litunarjafni			1	
<i>Draba incana</i>	Grávorblóm			1	
<i>Draba norvegica</i>	Hagavorblóm			1	
<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley			1	
<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng		1		1
<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindadúnurt	1			1
<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt				1
<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting	1	1		1
<i>Equisetum palustris</i>	Mýrelfting				1
<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting	1	1		
<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski				1
<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsfífill		1	1	
<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófifa				1
<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull		1		1
<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull		1	1	
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra		1	1	1
<i>Geranium sylvaticum</i>	Blágresi		1		
<i>Hieracium</i>	Undafífill		1	1	
<i>Hierochloe odorata</i>	Reyrgresi		1		1
<i>Juncus filiformis</i>	Þráðsef				1
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef			1	
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef				1

Alþjóðlegt heiti	Íslenskt heiti	Svæði 1	Svæði 2 og 3	Svæði 4 og 5	Svæði 6
<i>Kobresia myosuroides</i>	Bursaskegg		1	1	
<i>Leontodon autumnalis</i>	Skariffill	1	1		1
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra	1	1	1	1
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra		1	1	
<i>Matricaria maritima</i>	Baldursbrá		1		
<i>Montia fontana</i>	Lækjagrýta				1
<i>Myrrhis odorata</i>	Spánarkerfill	1			
<i>Nardus stricta</i>	Finnungur		1	1	1
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra			1	
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	1	1		1
<i>Plantago maritima</i>	Kattartunga		1	1	
<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras				1
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	1		1	1
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras			1	
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras	1	1	1	1
<i>Polystichum lonchitis</i>	Skjaldburkni			1	
<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura			1	
<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós				1
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm			1	
<i>Ranunculus acris</i>	Brennisóley	1	1	1	1
<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður	1	1		1
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra	1	1	1	1
<i>Rumex longifolius</i>	Njóli	1			1
<i>Salix callicarpaea</i>	Gráviðir				1
<i>Salix herbacea</i>	Grasviðir	1		1	
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulviðir				1
<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þufusteinbrjótur		1		
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni			1	
<i>Sibbaldia procumbens</i>	Fjallasmári			1	
<i>Silene acaulis</i>	Lambagras			1	
<i>Stellaria media</i>	Haugarfí				1
<i>Taraxacum</i>	Túnfífill	1	1	1	
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras		1	1	1
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg		1	1	
<i>Trifolium repens</i>	Hvítsmári		1		
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng			1	
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng			1	
<i>Veronica serpyllifolia</i>	Lækjadepla		1		1
<i>Viola canina</i>	Týsfjóla		1		
Tegundir alls	83	24	40	42	42